

Mál nr. 93/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar A

Ágreiningur um réttarstöðu vegna tjóns sem varð á A þegar steinn hrökk upp undir bifreiðina í akstri, þann 25.01. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.05. 2006, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A var ekið þjóðveg nr. 1 milli Reykjavíkur og Borgarnes þegar vél bifreiðarinnar bræddi úr sér. M rekur það til þess að steinn hafi kastast upp undir bifreiðina og í vatnskassa hennar skömmu áður. Engin viðvörunarljós kviknuðu í mælaborði og því telur hann að atvikið hafi ekki uppgötvaðst fyrr en vélin stöðvaðist. Hann telur líklega skýringu að steinn hafi rifið gat á vatnskassann.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr kaskótryggingu með vísan til greinar 12.2 í skilmálum, þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki skemmdir er verða þegar grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður lagt til grundallar að steinn (grjót) hafi hrokkið undir bifreiðina í akstri og valdið skemmdum á vatnskassa hennar. Hér er um undanskilda áhættu að ræða sbr. grein 12.2.g. þar sem segir að vátryggingin bætir ekki skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 6. júní 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.